Námsáætlun

Kennari:	**Brynja Valdís Gísladóttir**
Áfangi/fag:	**LEIK1HE01 – Grunnáfangi í leiklist**

Stutt lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur heimi leiklistarinnar með fjölbreyttum og skapandi hætti. Megináhersla er lögð á að efla einstaklinginn, styrkja sjálfstraust og auka tjáningarmöguleika hans með leiklist og spuna. Í gegnum leiki og verklegar æfingar þjálfa nemendur meðal annars ímyndunarafl, einbeitingu, hlustun, samvinnu og skapandi hugsun. Nemendur eru hvattir til að stíga út fyrir þægindahringinn, virkja sköpunargleðina og öðlast aukið öryggi í framkomu og samskiptum.

Jafnframt er unnið með líkamsbeitingu, rödd og orð sem verkfæri tjáningar og skoðað hvernig nýta má færni úr leiklist og spuna í daglegu lífi. Nemendur fá einnig innsýn í starf leikarans, ólíka leikstíla og starfsemi íslenskra leikhúsa, bæði á sviði og bak við tjöldin. Kennslan byggist á glærukynningum, umræðum, leikjum, spunaæfingum og vinnu með leiksenur.

Undanfari: Enginn

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnhugtökum í leiklistar.
- Spuna og hvernig hann eflir sköpunargáfu, ímyndunarafl og tjáningu.
- Mikilvægi trausts, samvinnu og virkrar þátttöku í leiklist.
- Samspili líkama, raddar og orða í skýrri og trúverðugri tjáningu.
- Þægindahringnum og tengslum hans við sjálfstraust og persónulegan þroska.
- Starfi leikarans, ólíkum leikstílum og starfsemi íslenskra leikhúsa, bæði á sviði og bak við tjöldin

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Efla sköpunargáfu, ímyndunarafl og leikgleði.
- Beita líkama, rödd og orðum til að tjá hugmyndir, tilfinningar og persónur.
- Þjálfa einbeitingu, hlustun, rýmisskynjun og samspil í leikrænum æfingum.
- Vinna með leiksenur, persónusköpun og ólíkar aðferðir við túlkun.
- Eiga í skapandi samstarfi og sýna traust, virðingu og jákvæð samskipti.
- Skoða og bera saman ólíka leikstíla með hliðsjón af dæmum úr kvikmyndum og leikhúsi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna frumkvæði og öryggi í framkomu og samskiptum.
- Stíga út fyrir þægindahringinn og takast á við nýjar áskoranir.

- Nýta ímyndunarafl, leikgleði og skapandi hugsun í einstaklings- og hópverkefnum.
- Beita spuna og tjáningu til að bregðast við óvæntum aðstæðum og finna skapandi lausnir.
- Sýna traust, virðingu og ábyrgð í samstarfi og stuðla að jákvæðu og öruggu umhverfi.
- Þekkja eigin styrkleika og nýta færni úr leiklist til að efla sjálfsmynd, samskipti og sjálfstæði í daglegu lífi.

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Nemendur fá öll kennslugögn í Hringsjá frítt. Glærur, verkefnamiðar, skriffæri, blöð, ljósritað efni frá kennara, myndbönd og vefsíður, ásamt öðru námsefni sem kennari deilir með nemendum.

Námsmat

Námsmatið byggir á mætingu og virkni í tímum. Til að fá áfangann metin til eininga þarf nemandi að uppfylla 80% mætingaprósentu.